


## Hrósmiðar

1. Hver starfsmaður sækir hrósmiða til ritara eða aðstoðarskólustjóra.
2. Umsjónarkennari skrái nöfn nemenda í sínum bekk á hrósmiða í upphafi skólaárs og eftir hverja umbun, þá eru þeir tilbúnir til notkunar. Hann tryggir þannig að allir fái a.m.k. einn hrósmiða fram að (næstu) umbun.
3. Þegar starfsmaður verður vitni að æskilegri hegðun nemanda/nemenda skal hann gefa hrósmiða. Hópar og bekkir geta einnig fengið hrósmiða.
4. Nafn nemanda, hóps eða bekkjar skal skrifa á bakhlið hrósmiðans og starfsmaður kvittar undir með nafni sínu og dagsetningu.
5. Þegar nemandi fær hrósmiða getur hann tekið hann með sér heim til að sýna foreldrum/forráðamönnum en kemur með hann aftur og lætur umsjónarkennara fá.
6. Miðunum er safnað á þar til gert reynitré sem hver bekkur útbýr í sinni heimastofu.
7. 5 sinnum fjöldi nemenda í bekk þarf til að fá umbun. Umbun skal veitt þegar tilteknum miðafjölda er náð, miða skal við að það gerist á hverju þriggja til fjögurra vikna tímabili.
8. Ekki er hægt að taka hrósmiða til baka vegna óæskilegrar hegðunar.



## Umbunamöguleikar

### Útivera/ferðir

Gönguferð með nesti  
Útitími  
Hjólatúr  
Fjöruferð  
Bryggjuferð  
Sleðaferð  
Strætisvagnaferð  
Vísindaferð  
Leikir úti  
Gefa öndunum brauð  
Gervigras við Giljaskóla  
Þrautabraut úti  
Stöðvar – keila, golf, karfa, fótbolti  
Klifurveggur  
Ferð á Amtsbókasafnið  
Ferð á önnur söfn  
Ferð á Punktinn (kjallara Rósemborgar)  
Ferð í Bogann  
Tilboð frá foreldrum

### Innivera

Spilatími  
Dótadagur  
Leikir inni  
Bingó  
Myndband  
Þrautabraut í stofu  
Kökuboð/kökudagur  
Náttfatapartí/Öðruvísi dagur  
Baka köku  
Félagsvist  
Sögustund  
Búðarleikur  
Frjáls tími  
Spurningakeppni  
Popp og djús  
Andlitsmálun  
Fá heimsókn  
Búningadagur  
Ball  
Bókasafn  
Föndra  
Tattú  
Skák  
Segja brandara/gátur  
Koma með hamborgara að heiman

